

# Greiðsluáskorun

Mbl 16/11/04

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla og tryggingagjald sem fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2004, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2004 og önnur gjaldfallin álöggð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2004 á staðgreiðslu, tryggingagjaldi og virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda utan staðgreiðslu, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, slysatryggingagjaldi ökumanna, föstu árgjaldi þungaskatts, þungaskatti skv. ökumælum, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabíla, skemmtanaskatti og miðagjaldi, virðisaukaskatti af skemmtunum, tryggingagjaldi af skipshöfnum ásamt skráningargjöldum, búnaðargjaldi, iðgjaldi í lífeyrissjóð bænda, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum og útflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og verðbótum á ógreitt útsvar, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjaldi, fiskisjúkdomagjaldi, jarðarafgjaldi og álöggðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tejkuskattur, útsvar, aðstöðugjald, sérstakur tejkuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmála-gjald, þróunarsjóðsgjald, kirkjugarðsgjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ógreiddar barnabætur, ógreiddur barnabótaauki og ógreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 11.500 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 1.200 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningar-númer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2004.

Tollstjórnin í Reykjavík	Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn í Keflavík	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Akranesi	Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í Búðardal	Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn á Ísafirði	Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn í Bolungarvík	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Gjaldheimta Vestfjarða
Sýslumaðurinn á Hólmavík	Gjaldheimta Austurlands
Sýslumaðurinn á Siglufirði	Gjaldheimtan í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	



ASKRIFTARDEILD

netfang: askrift@mbl.is, sími 569 1122